

Íslenska 7. bekkur

Hæfniviðmiðum í íslensku er skipt í nokkra flokka. Þau eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun, málfræði

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið

að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, t.d. við kynningu á hópverkefnum,
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni líðandi stundar,
- geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði og gert sér grein fyrir góðrar framsagnar,
- geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningarár frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,
- geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda,
- geti sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,
- geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- geti nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi á gagnrýninn hátt,
- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt viðeigandi kurteisi.

Kennsluhættir

Viðburðir: Undirbúningur fyrir upplestrarkeppni byrjar á degi íslenskar tungu þann

16.nóvember. Upplestur á Jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötлum fyrir nemendur í Hópsskóla.

Spurningakeppni unglingsastigs.

Farið er yfir atriði sem skipta máli við framsögn eins og líkamsstöðu og raddbeitingu. Nemendur fá reglulega tækifæri til að lesa upphátt og flytja fjölbreyttan texta og ýmis verkefni fyrir samnemendur sína. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og hlusta af athygli og bera virðingu fyrir þeim sem flytja mál sitt. Þegar nemendur hafa flutt verkefni í kennslustund fá þeir ýmist viðbrögð við flutningi sínum frá samnemendum sínum (jafningamat) þar sem nemendur meta hver annan eða nemendur fá leiðbeinandi mat frá kennara eða að þeir meta sig sjálfir (sjálfsmat).

Námsmat

Framsagnarpróf er lagt fyrir þá nemendur sem hafa náð 200 atkvæðum á mínútu í janúar og maí. Nemendur fá einkunn fyrir framsagnarpróf og er vægi þess 100%. Fyrir frammistöðu og vinnusemi í kennslustundum fá nemendur leiðbeinandi skriflega umsögn.

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið

að nemandi:

- geti lesið 325 atkv. í desember og janúar,

- geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- geti ritað kjörbókarritgerð,
- geti notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- geti lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- getið lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögum, ljóð, bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum,
- geti greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning svo sem tíma, sjónarhorfni, sögusviði og boðskap,
- geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða sem rím, ljóðstafi og boðskap,
- geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðuleika upplýsinga,
- geti lesið úr einfldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,
- geti valið bók og annað lesefni og lesið sér til ánægju.

Kennsluhættir

Viðburðir: Spurningakeppni unglungastigs, lestrarátak einu sinni á önn í samstarfi við Bókasafn Grindavíkur.

Til að efla lesskilning nemenda er unnið markvisst með gagnvirkan lestur. Áhersla er lögð á að nemendur lesi daglega heima til að auka lestrarhraða og eru nemendur hvattir til að lesa sér til fróðleiks og ánægju. Nemendur fá reglulega lestrarbækur með vinnubókum sem þjálfa lestur, lesskilning, skrift og frágang. Heimalestur er skráður í kvittanahefti. Unnið er á fjölbreyttan hátt með orð og orðaforða og stuðst verður við hugmyndir úr íslenskuverkefninu Orð af orði.

Nemendur vinna ýmis lesskilningsverkefni og lesa upphátt fyrir aðra. Einnig vinna þeir einstaklingslega, í pörum eða í hópvinnu. Lestrarátak verður a.m.k. tvisvar á skólaárinu.

Námsmat

Hraðlestrarpróf verða lögð fyrir a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu og oftar hjá þeim sem hafa ekki náð tilskyldum lestrarhraða. Orðarún og orðalykill lagt fyrir að hausti. Lesskilningspróf lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, tvisvar sinnum fyrir utan Orðarún.

Ritun

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- vandi vinnubrögð og frágang
- hafi gott bil á milli orða
- skrifi í hæfilega löngum setningum
- noti fjölbreyttan orðaforða
- skrifi margvíslegan texta s.s. frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð, fréttir úr dagblöðum og sendibréf

- geti skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- geti valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni
- geti samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- geti lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundar skrifa og nýtt það við eigin ritun
- geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda
- geti skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.
- yfirfæri þær reglur sem þeir læra í stafsetningu á aðra þætti námsins
- Þekki og nýti sér eftirfarandi stafsetningareglur:
 - regluna um n/n,
 - regluna um stóran staf,
 - regluna um lítinn staf,
 - regluna um sérljóða á undan ng/nk,
 - Þekki greinmerkin punktur, komma, upphrópunarmerki, spurningarmerki, tvípunktur og gæsalappir og geti notað þau rétt,
 - Þekki regluna um skammstafanir og geti notað hana rétt,
 - regluna um n/nn endingu lýsingarorða, fornavna og sagnorða,
 - regluna um -an endingu lýsingarorða,
 - regluna um –unn endingu í kvennmannsnöfnum og fjórum kvenkynsorðum,
 - regluna um n/nn í karlmannsnöfnum og öðrum karlkynsorðum,
 - regluna um einfaldan og tvöfaldan samhljóða í aukaföllum karlkynsnafnorða og karlmannsnafna sem enda á –ll eða –llur,
 - regluna um tvöfaldan samhljóða í sagnorðum,
 - regluna um stafavíxl í sagnorðum,
 - regluna um einfaldan og tvöfaldan samhljóða í lýsingarorðum,
 - regluna um y/y/ey/au,
 - regluna um –j í endingu orða,
 - Geti skrifað eftir upplestri.

Kennsluhættir

Nostast verður við kennsluaðferðir frá Orð af orði. Áfram haldið með skriftarkennslu meðfram ritun. Mikil áhersla er lögð á góð vinnubrögð og vandvirkni ásamt því að nemendur noti þær stafsetningareglur sem þeir hafa lært.

Námsmat

Nemendur fá skriflega umsögn um ritunarverkefni sín þar sem fram kemur hvað gekk vel og hvað þarf að gera betur. Stafsetningarpróf í janúar og maí.

Málfræði

Hæfniviðmið

Að nemandi

- geti gert sér grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,
- geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,
- geti nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,
- geti áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð, og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,
- geti notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,
- geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, mólsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika mólsins,
- geti beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í eigin umræðu um mál, ekki síst eigin mál, talað og ritað,
- geti leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki,
- geti gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði,
- kunni stafrófið,
- kunni eftirfarandi málfræðireglur og geti yfirfært þær á aðra þætti námsins:
 - þekki nafnorð og geti greint þau frá öðrum orðum,
 - þekki sérnöfn og samnöfn,
 - þekki eintölu og fleirtölu nafnorða,
 - þekki og geti greint kyn nafnorða,
 - þekki greini nafnorða og geti bætt greini við nafnorð,
 - þekki stofn nafnorða,
 - geti fallbeygt nafnorð með og án greinis,
 - þekki kenniföll nafnorða,
 - geti fallbeygt lýsingarorð með nafnorðum,
 - þekki sagnorð og geti greint þau frá öðrum orðum,
 - þekki nútíð og þátíð sagna,
 - þekki nafnhátt sagna,
 - þekki stofn sagnorða
 - þekki lýsingarorð og geti greint þau frá öðrum orðum
 - geti stigbreytt lýsingarorð
 - geti fundið stofn lýsingarorða
 - geti fallbeygt lýsingarorð
 - þekki alla undirflokkja fornafnanna (ÁSAPÓE).

Viðburðir: Stafsetningakeppni

Kennsluhættir

Nemendur fá tækifæri til að leika sér með málið á fjölbreyttan hátt með spilum, krossgátum, þrautum og orðaleikjum. Einnig verður stuðst við hugmyndir úr íslenskuverkefninu Orð af orði.